**Menningarfélag Akureyrar 127. stjórnarfundur, Hofi, 15. febrúar 2021 kl. 11:30-13:30**

**Boðaðir: Ágúst Torfi Hauksson, Þórarinn Stefánsson, Jóhanna María Elena, Eva Hrund Einarsdóttir og Þuríður Helga Kristjánsdóttir.**

Sviðsstjórar boðaðir undir liðinum ,,fréttir af starfsemi"
Listráð boðað og kom inn á fundinn kl. 12:13

Dagskrá:

**Fjárhagsupplýsingar:**
Framkvæmdastjóri kynnir 5 mánaða uppgjör sem er í samræmi við áætlun.

**Veitingarekstur í Hofi:**
Framkvæmdarstjóri leggur til að MAk sæki um veitingaleyfi til bráðabirgða sem ætlað er að brúa bilið þar til stefnumótun Hofs verður kláruð og leitað verður eftir nýjum rekstraraðila.
Stjórn samþykkir að sótt sé um veitingaleyfi til þess að bjóða upp á veitingar á sýningum og að samið verði við veitingaaðila í bænum að sjá um veitingar á fundum og í veislum á meðan á stefnumótunarvinnunni stendur.

**Fundur formanns og framkvæmdastjóra með stjórn Akureyrarstofu:**
Formaður segir frá fundi stjórnarformanns og framkvæmdastjóra með starfsfólki og formanni Akureyrarstofu. Á fundinum var m.a. fjallað um stefnumótun Hofs, æfingarými í kjallara Hofs og áherslur í tilvonandi samningi milli aðilanna.

**Listráð SN auk sviðsstjóra tónlistarsviðs:**
Listráðið er fengið inn á fund til að auka samtal og samvinnu á milli aðila. Farið var yfir að vegna Covid muni hluti af dagskrá færast á milli ára. Farið var yfir tilvonandi stefnumótunarvinnu en gert er ráð fyrir að kallaðir verði til hagsmunaaðilar SN en einnig verður almenningi gefin kostur á að taka þátt í samtalinu og stefnumótunarfundur auglýstur opinberlega. Stjórn leggur áherslu á að fyrstu fundir stefnumótunarvinnunnar fari fram í eigin persónu. Umræður um mönnun hljómsveitarinnar áttu sér stað og nefndi stjórnarformaður að hljómsveitarskipan væri í höndum tónlistarstjóra. Listráð benti á að mannaráðningar þyrftu að vera í samræmi við atvinnuuppbyggingu í tónlist á Akureyri / Norðurlandi / landsbyggðunum eins og lögð er áhersla á í nýrri skipulagsskrá SN og menningarstefnu Akureyrar. Tónlistarstjóri og framkvæmdastjóri benda á að ráðningar eru teknar á faglegum grundvelli í samræmi við stefnu SN sem samþykkt var 2017.

**Fréttir af starfsemi:**
Sviðsstjórar viðburðar og leiklistarsviðs fóru yfir verkefnin sem eru framundan. Vinna við sjóðinn Verðandi er framundan sem og undirbúningur fyrir Barnamenningarhátíð og verkefnið Upptakturinn. Æfingar eru í fullum gangi á Benedikt Búálfi og er frumsýning áætluð í byrjun mars. Sýningin Fullorðin er í fullum gangi í Hofi og hefur aðsókn verið mjög góð.

**Verklagsreglur stjórnar:**
Verklagsreglur stjórnar Mak samþykktar og undirritaðar.

**Fundargerð ritaði**

Þuríður Helga Kristjánsdóttir